

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 15. október 2008
Tilvísun: UST20081000006/ksj

Jarðgöng á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar. Tillaga að matsáætlun.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst Umhverfisstofnun þann 01.10. 2008 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu Vegagerðarinnar að matsáætlun jarðganga milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar skv. 2. mgr. 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og 15. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdin

Fyrirhuguð er lagning vegar milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar í Ísafjarðarbæ. Vegstæðið nær frá Mjólká í Arnarfirði að Dýrafjarðarbrú. Nýlögn ásamt uppbyggingu vegar verður 8,1 km, 3,2 km í Arnarfirði og 4,9 km í Dýrafirði. Göngin verða 5,6 km og vegstæðið því samtals 13,7 km langt með göngum. Vegurinn er áætlaður á núverandi vegstæði að hluta en að öðru leyti fer hann bæði yfir raskað og óraskað land. Í Arnarfirði er nýlögn vegar áætluð 2,35 km og vegur í vegstæði núverandi vegar 0,85 km. Í Dýrafirði er nýlögn vegar áætluð um 3,9 km en á um 1 km kafla verður vegurinn lagður yfir gamlan veg. Nýlögn vegar og uppbygging eldri vegar verður 8,1 km, göng verða 5,6 km, vegarkaflinn í heild 13,7 km.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir tillögu að matsáætlun framkvæmdarinnar og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Náttúruminjar

Eins og fram kemur í tillögunni er fyrirhugað framkvæmdasvæði og nánar tiltekið allur skaginn milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar á svæði nr. 311 á náttúruminjaskrá. Samkvæmt uppdrætti sem er hluti af drögum að aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar er ætlunin að allt svæðið fari einnig undir hverfisvernd. Sýna þarf fram á í frummatsskýrslu að staðið verði þannig að verki að neikvæð sjónræn áhrif rýri ekki vermdargildi svæðisins.

Lýsing framkvæmdar

Í lýsingu framkvæmdar kemur fram að ráðgert er að gangamunni Borgarfjarðarmegin verði í 36 m hæð, rétt utan við Rauðastaði. Í Dýrafirði er gert ráð fyrir gangamunna í 65 m hæð og verður hann rétt fyrir utan Bæjará. Í frummatsskýrslu þarf að vera greinargóð lýsing á gangamunnum og frágangi kringum þá og það þarf að koma fram hvort áætlað sé að raska

miklu í hlíðum fyrir ofan munnana með skeringum og sneiðingum. Umhverfisstofnun bendir á að þegar gangamunnar koma í brattar hlíðar sem eru ósnortnar, getur rask fyrir ofan og í kringum gangamunnann haft í för með sér mikil og neikvæð sjónræn áhrif. Umhverfisstofnun nefnir gangamunna í Hnífsdal sem dæmi. Í lýsingu framkvæmdar í frummatsskýrslu þarf einnig að koma fram greinargóð lýsing á uppbyggingu vegar Dýrafjarðarmegin þar sem gangamunni verður í 65 metra hæð sem þýðir að vegurinn mun standa hærra en hann gerir nú og getur þýtt neikvæð sjónræn áhrif á landslag svæðisins.

Efnismál og haugsetning

Efni sem fæst úr göngum og skeringum verður notað í veglagningu en þó þarf að haugsetja efni úr göngum tímabundið. Arnarfjarðarmegin verður afgangsefni um 145.000 m³, sem verður notað síðar í uppbyggingu vega. Umhverfisstofnun bendir á að í grennd við skriðusvæðið sem ætlað er haugsetja efni tímabundið í Arnarfirði (Borgarfirði) eru steinar stórir, annar sögufrægur nefndur Krummasteinn. Ofangreint haugsvæði verður alls 4,6 ha og mun efnið bíða eftir næsta vegaáfangi þ.e. vegagerð milli Mjólkár og Dynjandisvogar, eða eins og fram kemur í umhverfisskýrslunni „*Efnið verður síðan að hluta notað í þessa framkvæmd en að stórum hluta í næstu vegaf framkvæmdir á svæðinu sem eru frá Mjólká, út í Dynjandisvog.*“ Í Dynjandisvog er friðlýst svæði þar sem fossinn Dynjandi er. Umhverfisstofnun bendir á að þar sem þessar framkvæmdir eru samofnar, væri eftirsóknarvert að meta umhverfisáhrif þeirra beggja samtímis.


Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda á straumvötn

Í tillögu þeirri að matsáætlun sem hér er til umfjöllunar kemur fram að „*Þar sem lítil eða engin nýting hefur verið á ánum undanfarið er ekki gert ráð fyrir sérstökum rannsóknum á lífríki ána.*“ Umhverfisstofnun telur það ekki nægjanleg rök fyrir því að sleppa að rannsaka lífríki ána, að veiði hefur ekki verið stunduð í þeim undanfarið. Efnistaka er fyrirhuguð í Hófsá og einnig eru áætlanir um að vinnubúðir verði settar upp á bökkum hennar og telur Umhverfisstofnun að skoða verði Hófsá og meta væntanleg áhrif framkvæmdanna á ána. Athuga þarf hrygningarstöðvar í ánni og taka þarf tillit til þeirra varðandi tímasetningu efnistöku.

Mat á áhrifum framkvæmda

Í kafla 5.8.1 um mat á áhrifum á jarðmyndanir kemur fram að þau viðmið sem notuð verða í mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, eru lög nr 44/1999 um náttúruvernd og þá sérstaklega 37. greinin. Umhverfisstofnun bendir á að 37. greinin fjallar um verndun jarðmyndana en einnig um sérstaka vernd vistgerða þar með talið mýra og flóa yfir 3 ha að stærð. Í því sambandi þarf að meta áhrif á Fjarðarmýrar, sem samkvæmt loftmyndum hafa verið ræstar fram að einhverju leyti, en reitur fyrir vinnubúðir er ætlaður staður rétt austan þeirra.

Virðingarfyllst


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur



Hjalti J. Guðmundsson
Sviðsstjóri